

Reykjavík, 19. október 2016

TÚLKUN

Birting upplýsinga um niðurstöður útboða fjármálagerninga

Fjármálaeftirlitið telur ástæðu til að benda útgefendum fjármálagerninga á þá meginreglu að birta þarf upplýsingar um niðurstöður útboða fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga, eins fljótt og auðið er eftir að þær liggja fyrir, sbr. 1. mgr. 122. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (vvl.).

Að mati Fjármálaeftirlitsins fela niðurstöður útboða að jafnaði í sér innherjaupplýsingar í skilningi 120. gr. vvl. Slíkar upplýsingar eru almennt séð nægjanlega tilgreindar, varða fjármálagerningana sjálfa og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð þeirra ef opinberar væru. Við afmörkun á því hvort slíkar upplýsingar séu líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna er unnt að líta til 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik. Þar kemur fram að um sé að ræða þær upplýsingar sem líkur eru á að upplýstur fjárfestir noti sem hluta af þeim grunni sem hann byggir fjárfestingarákvarðanir sínar á. Telja verður að niðurstöður útboða séu almennt upplýsingar sem upplýstur fjárfestir noti sem hluta af þeim grunni sem hann byggir fjárfestingarákvarðanir sínar á.

Auk upplýsinga um niðurstöður útboða, þ.e. verð og umfang viðskipta, geta fleiri upplýsingar sem myndast í útboðum fallið að skilgreiningu 120. gr. vvl. á innherjaupplýsingum, t.d. getur fjöldi tilboða, verðbil og dýpt tilboða einnig talist til innherjaupplýsinga. Fjármálaeftirlitið telur því mikilvægt að útgefendur leggi heildstætt mat á hvaða upplýsingar, teljist innherjaupplýsingar í skilningi 120. gr. vvl. þegar útboð fjármálagerninga fer fram.

Útgefendur fjármálagerninga þurfa almennt séð að birta upplýsingar um niðurstöður útboða eins fljótt og hægt er eftir að þær liggja fyrir og innan sama dags. Ekki er fullnægjandi að birta upplýsingarnar daginn eftir útboð og skiptir ekki máli í því samhengi þótt birting fari fram fyrir opnun markaða. Þá telur Fjármálaeftirlitið að útgefendur verði að gæta að framsetningu upplýsinga í tengslum við útboð fjármálagerninga þar sem misvísandi upplýsingar geta falið í sér brot á 3. tl. 1. mgr. 117. gr. vvl. um markaðsmisnotkun, t.d. þarf að gæta vel að aðgreiningu upplýsinga um einstaka fjármálagerninga þegar tilkynnt er um niðurstöður útboða fyrir tvo fjármálagerninga eða fleiri.